



Kópavogi, 2. júlí 2026

Fyrirspurn um upplýsingagjöf og stuðning við íbúa vegna framkvæmda í miðbæ Kópavogs

Undirritaðar sátu upplýsingafund um fyrirhugaða jarðvinnu á Fannborgarreit sem haldinn var 30. júní 2026 og hafa í kjölfarið farið yfir þær upplýsingar sem þar komu fram, sem og þá upplýsingagjöf sem íbúum stóð til boða í aðdraganda fundarins.

Í ljósi umfangs framkvæmdanna og þeirra áhrifa sem þær munu hafa á íbúa Hamraborgar og Fannborgar er óskað svara við eftirfarandi:

- Liggur fyrir sérstök áætlun fyrir samskipt- og upplýsingagjöf vegna framkvæmda á Fannborgarreit og annarra framkvæmda í miðbænum sem snúa sérstaklega að þeim íbúum sem verða fyrir mestum áhrifum? Ef svo er, verður hún lögð fram?
- Hvaða sjónarmið lágu að baki tímasetningu upplýsingafundarins 30. júní og boðun hans, með hliðsjón af því að fundarboði var dreift til íbúa föstudaginn 26. júní, auglýsing birtist á upplýsingasíðu verkefnisins 29. júní og á heimasíðu Kópavogsbæjar sama dag og fundurinn fór fram þann 30. júní?
- Liggur fyrir sérstök áætlun um hvernig fylgst verður með áhrifum framkvæmdanna á daglegt líf íbúa, þar á meðal varðandi aðgengi að heimilum, aðkomu viðbragðsaðila, aðgengi hreyfihamlaðra, öryggi og aðra þjónustu?
- Hvernig verður tryggt að ábendingar og áhyggjur íbúa sem búa næst framkvæmdasvæðinu verði skráðar, metnar og þeim fylgt eftir á framkvæmdatímanum?
- Er fyrirhugað að leggja reglulega fyrir bæjarráð eða bæjarstjórn stöðuyfirlit um áhrif framkvæmdanna á íbúa og samskipti við þá á meðan framkvæmdum stendur?

Greinargerð

Uppbygging nýs miðbæjar Kópavogs er eitt umfangsmesta framkvæmdaverkefni sem ráðist hefur verið í á vegum sveitarfélagsins. Ljóst er að framkvæmdirnar munu standa yfir um árabíl og hafa veruleg áhrif á þá íbúa sem búa næst framkvæmdasvæðinu, einkum í Hamraborg og Fannborg.

Á upplýsingasíðu verkefnisins kemur fram að sérstakt upplýsingateymi hafi verið sett á laggirnar og lögð áhersla á markvissa upplýsingagjöf, reglubundna upplýsingafundi og virkt samráð við íbúa.

Undirritaðar telja að slík markmið séu mikilvæg enda byggist árangur verkefnis af þessari stærðargráðu ekki eingöngu á tæknilegri framkvæmd heldur einnig á trausti og góðum samskiptum við þá íbúa sem þurfa að búa við raskið árum saman.

Í því samhengi vekur athygli að upplýsingafundur vegna fyrsta áfanga jarðvinnu á Fannborgarreit var boðaður með afar skömmum fyrirvara. Fundarboði var dreift til íbúa föstudaginn 26. júní, auglýsing birtist

á upplýsingasíðu verkefnisins mánudaginn 29. júní og samdægurs á heimasíðu Kópavogsbæjar en fundurinn fór fram þriðjudaginn 30. júní. Þannig höfðu margir íbúar aðeins eina helgi og einn virkan dag til að bregðast við fundarboðinu.

Jafnframt hafa íbúar á svæðinu um langt skeið komið á framfæri áhyggjum og spurningum um framkvæmdirnar, meðal annars varðandi öryggi, aðgengi að heimilum, aðkomu viðbragðsaðila, áhrif á daglegt líf og upplýsingaflæði. Í þeim gögnum sem bæjarfulltrúar hafa fengið afhent má sjá að þessar áhyggjur hafa verið ítrekaðar yfir langan tíma og snúa ekki aðeins að framkvæmdunum sjálfum heldur einnig að því hvernig upplýsingagjöf og samskiptum hefur verið háttað.

Með þessari fyrirspurn er ekki dregið í efa mikilvægi uppbyggingar miðbæjarins. Tilgangurinn er að fá skýra mynd af því hvernig sveitarfélagið hyggst tryggja að upplýsingagjöf, samskipti og stuðningur við íbúa verði í samræmi við umfang framkvæmdanna og þær væntingar sem sveitarfélagið hefur sjálft sett fram. Sérstaklega er mikilvægt að byggja upp traust við þann hóp íbúa sem mun þurfa að lifa með framkvæmdunum næstu ár og tryggja að áhyggjur þeirra fái skýra og markvissa eftirfylgni.

Eydís Inga Valsdóttir

bæjarfulltrúi Samfylkingar

aðalmaður í skipulags- og umhverfisráði

Sólveig Skaftadóttir

varabæjarfulltrúi Samfylkingar

aðalmaður í skipulags- og umhverfisráði
